

Kærði greiði allan sakarkostnað.
Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 19. nóvember 1948.

Nr. 41/1948. **Réttvísinn og valdstjórnin**

(Hrl. Lárus Fjeldsted)

gegn

Sveinbirni Þórhallssyni

(Hrl. Ragnar Jónsson).

Brot gegn bifreiða- og umferðarlögum. Manndráp af gáleysi.

Dómur hæstaréttar.

Telja verður, að ákærði hafi með óhæfilega hröðum akstri og ónógri aðgæzlu við aksturinn að öðru leyti orðið valdur að dauða barns þess, er í málinu greinir. Hefur ákærði því brotið lagaákvæði þau, sem til er vitnað í héraðsdómi, og auk þess 2. og 4. gr., sbr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941. Þykir mega staðfesta ákvæði héraðsdóms um refsingu, sviptingu ökuréttinda svo og málskostnað.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, 500 krónur til hvors.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði Sveinbjörn Þórhallsson greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarlögmanna Lárusar Fjeldsteds og Ragnars Jónssonar, 500 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 10. marz 1948.

Ár 1948, miðvikudaginn 10. marz, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Þórði Björnssyni, settum

sakadómara, upp kveðinn dómur í málinu nr. 1192/1948: Réttvisin og valdstjórnin gegn Sveinbirni Þórhallssyni, sem tekið var til dóms hinn 18. f. m.

Mál þetta er af réttvisinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Sveinbirni Þórhallssyni flugvélavirkja, Hringbraut 173 hér í bæ, til refsingar, greiðslu sakarkostnaðar og sviptingar bifreiðastjóra-réttinda fyrir brot gegn 23. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941 og umferðarlögum nr. 24 16. júní 1941.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 30. ágúst 1922 á Akureyri, og hefur hvorki sætt ákæru né refsingu fyrr, svo kunnugt sé.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Um klukkan 17 sunnudaginn 2. nóvember s. l. ók ákærði, sem var að öllu leyti vel fyrirkallaður, bifreiðinni R 6002 í ágætu veðri vestur Nesveg, en hann var í skemmtiferð ásamt eiginkonu sinni, foreldrum og systur. Veður var mjög gott, þurr, bjart yfir, en nokkuð rökkvað. Á móts við húsið Bjarg við nefndan veg varð telpan Guðfinna Theodóra Hjálmarsdóttir, Vegamótum á Seltjarnarnesi, fædd 3. júní 1940, fyrir bifreiðinni, og beið litlu síðar bana af. Á slysstaðnum og í námunda við hann var vegurinn sléttur, malborinn og harður, en rafmagnslýsing slæm. Bifreiðin, sem nú hefur skrásetningamerkið R 6009, reyndist við skoðun í fullkomnu lagi, enda var hún ný, af Chevrolet gerð, smíðað 1947.

Ákærði skýrir svo frá málavöxtum, að hann hafi ekið á um 30 til 35 mílna hraða, miðað við klukkustund, vestur Nesveg, enda kveðst hann aldrei hafa ekið bifreiðinni hraðar, þar eð hún var alveg ný. Hafði ákærði logandi lægri ljós hennar, enda var farið að rökkva, og segist hafa ekið vel vinstra megin á akbrautinni. Rétt áður en slysið varð, kallaði systir hans, sem sat í aftursæti bifreiðarinnar, nokkuð snöggt upp eitthvað á þá leið: „Nei, sjáið þið tunglið.“ Varð þetta til þess, að kærði leit skyndilega út um hægri framrúðu bifreiðarinnar, en hún er tvískipt, og kveðst jafnframt hafa dregið úr hraða bifreiðarinnar með því að hemla, en þó ekki svo fast, að hjólin drægjust. Á sama augnabliki, sem hann horfði út um hægri framrúðuna, kveðst hann hafa komið auga á telpuna fyrir íræman bifreiðina í hægri ljósgeislanum þar, en hve langt hún var frá bifreiðinni, getur hann ekki sagt um. Er hann kom auga á telpuna, kveðst hann hafa fasthemlað, beygt lítið eitt til vinstri, og síðan ósjálfrátt lítið eitt til hægri, er hann fann að telpan lenti á bifreiðinni, vinstra framaurbretti hennar og vinstra ljóskeri, en við áreksturinn brotnaði gler þess og aurbrettið dældaðist lítið eitt, en bifeiðina kveður hann ekki hafa runnið meira en um einn meter eftir að hann fasthemlaði. Ákærði kveður telpuna hafa verið á hlaupum, er hann kom fyrst auga á hana, og telur hana hafa hlaupið beint, en ekki skáhalt út á akbrautina. Ekki segir hann

nokkra umferð hafa verið í námunda við slyssaðinn, er slysið varð, og hann kveðst vera viss um, að hjól bifreiðarinnar hafi ekki farið yfir telpuna, en telur, að hún hafi eins og sett á framvara bifreiðarinnar og svo kastast af honum niður í skurð sunnan vegarins, er hann snögghemlaði.

Strax og slysið var orðið, hringdi ákærði eftir sjúkrabifreið og á lögreglustöðina og skýrði frá slysinu. Af slyssaðnum var gerður uppdráttur og myndir teknar, er lagðar hafa verið fram í máli þessu.

Vitnið Golda Helen Þórhallsson, eiginkona ákærða, sem sat við hægri hlið hans, er slysið varð, skýrir svo frá, að það viti ekki, hve hratt ákærði hafi ekið vestur Nesveg, en telur þó, að hann hafi ekið hraðar en á venjulegum innanbæjarakstri, þar til rétt áður en slysið varð, enda hafi hann þá dregið úr hraða bifreiðarinnar, er mágkona þess sagði eitthvað, sem vitnið vissi ekki þá hvað var. Í þessum svifum segist það hafa heyrt eitthvað koma við bifreiðina, en hvað þar var, vissi vitnið ekki þá, og jafnframt hafi ákærði snarstöðvað bifreiðina, enda hafi hann einnig hemlað með handhemlinum, en það segir ákærði rangt vera, heldur hafi hann tekið í handhemilinn, er bifreiðin var stöðvuð. Ekki tók vitni þetta frekar en önnur vitni, er í bifreiðinni voru, eftir því, að nokkur götulýsing væri í námunda við slyssaðinn. Er vitnið Golda Helen kom út úr bifreiðinni, sá það hvar telpan lá í skurðinum sunnan vegarins, og gekk til hennar. Kveður það hana hafa verið með lífsmarki, hjartsláttur þó mjög veikur og enginn púls.

Vitnið Guðríður Þórhallsdóttir, systir ákærða, sem sat í aftursæti bifreiðarinnar fyrir miðju, kveðst ekki hafa veitt akstrinum nokkra athygli, en telur þó, að ákærði hefði ekki ekið hraðar en bifreiðum er almennt ekið hér í bænum. Rétt áður en slysið varð, kveðst það hafa sagt mágkonu sinni að líta til tunglsins, en á það horfði vitnið, og tók því ekki eftir hvort dregið væri úr hraða bifreiðarinnar. Litlu eftir að vitnið sagði mágkonu sinni að líta til tunglsins, heyrði það brothljóð, og segir bifreiðina þá hafa verið stöðvaða mjög snögg. Það sá ekki telpuna, sem fyrir slysinu varð, fyrr en það var orðið, en er það kom út úr bifreiðinni, tók það eftir barnsskó á veginum fyrir aftan hana. Tók það hann upp og ætlaði að færa hann fólki, er státt var hjá nálægu húsi, en það hélt í fyrstu, að barn hefði misst hann á hlaupum yfir veginn. Síðar sá það telpuna liggjandi í skurðinum.

Vitnin, foreldrar ákærða, Þórhallur Bjarnason prentari, Hringbraut 173, er sat vinstra megin í aftursæti bifreiðarinnar, og Jónína Eyþóra Guðmundsdóttir, er sat hægra megin í aftursæti bifreiðarinnar, sáu hvorugt telpuna áður en slysið varð, né hvernig það atvikaðist. Kveðst Þórhallur hafa veitt því athygli, að um það leyti, sem dóttir sín hafði orð á tunglinu, hafi verið dregið úr hraða bifreiðarinnar, og rétt þar á eftir hafi hann heyrt smell, eins og eitthvað kæmi við bifreiðina, og í því hafi hún verið snarstöðvuð, en

ekki varð hann var við að hjól bifreiðarinnar færu yfir nokkura mishæð. Vitnið Jónína Eyþóra kveður ákærða hafa stöðvað bifreiðina mjög snögg og farið út úr henni. Fannst því eins og bifreiðin hefði rekizt á einhverja mishæð, en ekki varð það vart við brothljóð.

Vitnið Kristín Guðrún Valdimarsdóttur húsfú, til heimilis að Elliða á Seltjarnarnesi, skýrir svo frá, að það hafi verið við glugga í íbúð sinni, er slysið varð, og verið að bíða eftir eiginmanni sínum. Sá það bæði til ferða bifreiðarinnar og telpunnar, þar sem hún hljóp frá húsinu Bjargi, niður afleggjarann út á veginn. Kveður vitnið bifreiðinni ekki hafa verið ekið hraðara en bifreiðum er almennt ekið eftir Nesvegi, en eftir vegi þessum finnst því yfirleitt öllum bifreiðum ekið hratt. Ekki sá vitnið, hvernig stúlkan varð fyrir bifreiðinni, en það heyrði í hemlum hennar, er hún var stöðvuð. Ekki tók vitnið eftir ummerkjum á slysstaðnum, nema hvað það sá telpuna liggja í skurðinum.

Vitnið Magnús Guðmundsson vélstjóri, Sæbóli á Seltjarnarnesi, kveðst hafa setið við lestur á heimili sínu við glugga, er að Nesvegi snýr, þegar slysið varð, og sá því eigi hvernig það atvikaðist, en það heyrði að hátt lét í hemlum bifreiðar, er hún var stöðvuð. Fór það þegar út og sá þá bifreiðina R 6002 standa vinstra megin á akbrautinni og telpuna liggja í skurðinum dálítið framur en bifreiðin stóð.

Vitnið Sigurbjörg Laufey Guðmundsdóttir húsfú, til heimilis að Bjargi á Seltjarnarnesi, skýrir svo frá, að dóttir sín, Anna, hafi slysdaginn verið með Guðfinnu heitin, ásamt tveim öðrum telpum á svipuðu reki, en þær höfðu ákveðið að vera við guðsþjónustu í Mýrarhúsaskóla, sem hefjast átti klukkan 5 e. h. dag þennan. Klukkan rúmlega 5 e. h. kom Guðfinna heitin heim til vitnisins og spurði eftir Önnu, en er hún heyrði, að Anna væri farin til guðsþjónustunnar, fór hún við svo búin, án þess að láta getið hvert hún færi. Ekki sá vitnið hvernig slysið varð, en það kom á slysstaðinn, og telur að ekki hafi logað á næsta ljóskeri við hann. Að öðru leyti tók vitnið ekki eftir ummerkjum þarna, nema hvað það segir bifreiðina hafa staðið vinstra megin á akbrautinni.

Vitnið Anna Helga Cronin húsfú, Laugavegi 33 B hér í bæ og Lúkas Kárason sjómaður, til heimilis að Bjargi, telja bæði, að slökkt hafi verið á næsta ljóskeri við slysstaðinn, en þau komu þar að nokkru eftir að slysið varð, enda kveður Lúkas, að akbrautin hafi verið lýst upp með ljósum bifreiðar, er athugun fór þar fram. Aftur á móti kveður vitnið Kári Sigurbjörnsson matsmaður, Bjargi á Seltjarnarnesi, er á slysstaðinn kom nokkru eftir að slysið varð, að þá hafi logað á ljóskerinu. Kveður vitnið veginn á slysstaðnum hafa verið harðan og þurran, svo að mjög erfitt hafi verið að stöðva bifreiðar á slysstaðnum, þar eð hætta var á að þær rynnu til á akbrautinni. Á þeim tíma sem slysið varð, átti vitnið bifreið, sem það ók oft vestur

Nesveg og beygði norður afleggjarann að Bjargi, og kveðst þá hafa orðið að gæta sérstakrar varúðar áður en það dró úr hraða bifreiðarinnar og beygði norður afleggjarann.

Skömmu eftir að slysið varð, komu lögreglumenn á slysstaðinn. Athuguðu þeir ummerki þar og reyndu bifreiðina. Lárus Axel Helgason rannsóknarlögreglumaður gerði uppdrátt af slysstaðnum, rskj. nr. 2, og tók einnig myndir þær, er lagðar hafa verið fram, rskj. nr. 4 og 5. Stóð bifreiðin, sem eigi hafði verið hreyfð, vinstra megin á akbrautinni, lítið eitt skáhalt til suðurs, en framhjól hennar munu hafa snúið lítið eitt til hægri. Hemlaför bifreiðarinnar á slysstaðnum reyndust vera 17.60 m löng, en samkvæmt athugun á þeim er ekki ólíklegt, að bifreiðinni hafi eigi verið fasthemlað, þar eð vegurinn særðist ekki undan hjólunum, eins og vanalega mun vera, þegar bifreið rennur á fasthemluðum hjólum eftir malbornum vegi, nema aðeins síðast áður en hún var fullstöðvuð. Austan megin við afleggjarann að Bjargi er grindverk, sem nær alveg fram að akbrautinni. Var hæð þess mæld, og reyndist vera næst akbrautinni 0.95 m, en nokkru innar við afleggjarann 1.15 m og svo 1.00 m, sbr. rskj. nr. 5. Eins og áður getur, reyndist bifreiðin í góðu lagi og ljósker hennar lýstu hæfilega hátt yfir akbrautina.

Í rannsóknarstofu háskólans var lík telpunnar krufið. Í ályktun krufningarskýrslunnar segir: „Við krufninguna fannst mikil blæðing í kviðarholinu, og hafði hún hlotizt af sprungu í miltinu, sem var illa tætt í sundur. Eftir áverkunum að dæma, virðist svo sem aðal-áfallið hafi lent vinstra megin og framan á síðu barnsins, því að sprungan í miltinu bendir til þess að það hafi komið þar, og enn fremur marblettir, sem fundust innan í líkinu, þar sem líffærin hafa marizt upp við hryggjarsúluna. Barnið hefur dáíð af blóðmissi og schockverkun út frá því.“

Eins og atvikum er lýst hér að framan, þykir ákærði á refsiverðan hátt vera samvaldur að dauða barnsins, sem virðist hafa hlaupið út á akbrautina, án þess að veita umferðinni næga athygli, eftir atvikum bæði með of hröðum akstri og eigi sýnt næga aðgæzlu við aksturinn eftir því sem ástæða var til, þar sem grindverkið austan megin við afleggjarann að Bjargi skyggði að nokkru á útsýni hans, auk þess sem hann beindi athygli sinni frá akstrinum, er systir hans hafði orð á tunglinu. Þykir ákærði því með akstri sínum hafa gerzt brotlegur við 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, 26. gr. 1., 2., 3. og 4. mgr. og 27. gr. 1. mgr., sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23 16. júní 1941. Refsing hans þykir hæfilega ákveðin varðhald í 3 mánuði.

Samkvæmt 39. gr. bifreiðalaga og 68. gr. 1. mgr. almennra hegningarlaga ber að svipta ákærða bifreiðarstjóraréttindum í 3 ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með

talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans hér við réttinn, hrl. Ragnars Jónssonar, kr. 400.00.

Dráttur sá, sem orðið hefur á rekstri máls þessa, stafar af fjarvist vitna og önnur rannsóknardómarans. Rekstur málsins hefur því verið vitalaus.

D ó m s o r ð :

Ákærði Sveinbjörn Þórhallsson sæti varðhaldi í 3 mánuði.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa að telja sviptur bifreiðastjóraréttindum í 3 ár.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns hér við réttinn, hrl. Ragnars Jónssonar, kr. 400.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 22. nóvember 1848.

Nr. 104/1947. **Fiskur & Ís h/f** (Hrl. Magnús Thorlacius)
gegn

Tómasi M. Guðjónssyni

(Hrl. Gunnar J. Möller).

Skuldamál.

Dómur hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 26. september 1947, gerir þær dómkröfur aðallega, að hann verði algerlega sýknaður, en til vara, að hann verði aðeins dæmdur til að greiða stefnda kr. 1672.96 án vaxta. Hvor krafan, sem tekin kann að verða til greina, krefst hann málskosnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskosnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Áfrýjandi, sem sendi fisk til útlanda og átti að skila honum á skipsfjöl, sbr. 62. gr. laga nr. 39/1922, hefur ekki fært fram nein rök fyrir því, að hann eigi samkvæmt venju eða af öðrum ástæðum að vera undanþeginn greiðslu út-